

# Íslenska sem annað mál



Aðfaranám Háskólans á Bifrost

Samvinna, frumkvæði, ábyrgð

## Námskrá

Gildir fyrir nemendur sem hefja nám skólaárið 2023-2024

**Heiti námskrár:**

Íslenska sem annað mál – Aðfararnám við Háskólann á Bifröst

**Tengiliður:**

Forstöðumaður Háskólagáttar

**Febrúar 2023**

## Efnisyfirlit / Table of contents

Almennt um námið.....	4
Aðgangsviðmið .....	4
Skipulag aðfaranáms í íslensku sem öðru máli og námsframvinda.....	4
Kennsluhættir .....	5
Námsmat.....	5
Tækifæri til frekara náms að loknu aðfaranámi í íslensku sem öðru máli.....	5

## Almennt um námið

Námskrá þessi lýsir aðfaranámi Háskólagátt Háskólans á Bifröst í íslensku sem öðru máli. Námið er skipulagt með hliðsjón af reglum nr. 835/2019 um aðfaranám í háskólum.

Boðið er upp á nám í íslensku sem öðru máli á stigum A.1.2 til og með B.1. á evrópskra tungumálararammanum. Námið er skipulagt sem hlutanám í tvö ár svo nemendur geti stundað það samhliða vinnu eða öðru námi. Nemendur í Háskólagátt fyrir þá sem hafa ekki íslensku sem móðurmál taka báðar námsleiðirnar samhliða.

Markmið námsins er að undirbúa nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál fyrir háskolanám á íslensku og þátttöku í íslensku samfélagi.

## Aðgangsviðmið

Allir sem hafa færni í íslensku sem nemur A.1.2. á Evrópskra tungumálararammanum geta hafið nám í íslensku sem öðru máli við Háskólann á Bifröst.

Pegar sótt er um í fyrsta sinn taka nemendur stöðumat þar sem færni þeirra í íslensku er metin með hliðsjón af evrópska tungumálararammanum svo þeir geti byrjað á námskeiði við þeirra hæfi. Umsækjendur gætu þurft að bíða þar til námskeið á þeirra getustigi verður í boði.

## Skipulag aðfaranáms í íslensku sem öðru máli og námsframvinda

Gert er ráð fyrir að þeir sem hafa færni á stigi A.1.2 eða A.2.1 þegar þeir hefja nám taki námið á tveimur árum og hafi hæfni á stigi B.1. við lok þess. Nemendur taka stöðupróf til að komast á milli stiga og því getur námið tekið lengri eða skemmtiri tíma. Hverju stigi er skipt upp í tvö sex vikna námskeið sem hvert jafngildir fimm framhaldsskólaeiningum. Boðið er upp á ýmis viðbótarnámskeið til stuðnings auk þess sem nemendur geta tekið námskeið á íslensku í Háskólagátt til að styðja við námið. Dæmi um viðbótarnámskeið eru lesnámskeið í íslensku og styttri sumarnámskeið. Hefðbundin námsframvinda nemanda sem byrjar á stigi A.1.2 væri:

Stig A (fyrra ár)	Stig B (seinna ár)
Haust lota 1	Haust lota 1
Íslenska sem annað mál A.1.2	Íslenska sem annað mál B.1.1 fyrri hluti
Haust lota 2	Haust lota 2
Íslenska sem annað mál A.2.1 fyrri hluti	Íslenska sem annað mál B.1.1 seinni hluti
Vor lota 1	Vor lota 1
Íslenska sem annað mál A.2.1 seinni hluti	Íslenska sem annað mál B.1.2 fyrri hluti
Vor lota 2	Vor lota 2
Íslenska sem annað mál A.2.2 fyrri hluti	Íslenska sem annað mál B.1.2 seinni hluti
Sumarlota	Sumarlota
Íslenska sem annað mál A.2.2 seinni hluti	Akademísk íslenska. B.2

Upplýsingar um framboð námskeiða hverju sinni eru í kennsluskrá.

## Kennsluhættir

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi og kennsluhættir mótaðar af þeim áherslum. Á námsvef geta nemendur nálgast upptekna fyrirlestra og leiðbeiningar kennara, námsefni og verkefni. Auk þess eru kennslustundir á Teams að minnsta kosti vikulega. Í öllu námi við Háskólann á Bifröst er áhersla lögð á samvinnunám og raunhæf verkefni. Námsmat er byggt á stöðugri verkefnavinnu sem þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Notast er við vendikennslu en það gefur kennurum og nemendum aukið svigrúm til að staldra við flókin viðfangsefni. Í námsferlinu er hugað að aðferðum sem byggja á sköpun ekki síður en greiningu og gagnrýni. Hlutverk kennara er ekki síst að auðvelda og hjálpa til við námið með leiðsögn og endurgjöf í tengslum við verkefnavinnu. Nemandinn ber þó á endanum sjálfur ábyrgð á því að nýta sér umhverfi skólans sem best til að ná árangri.

## Námsmat

Nemendur taka stöðupróf til að komast á milli stiga. Þau eru haldin við lok námskeiða. Í námskeiðum fer einnig fram námsmat sem byggir að verulegu leyti á æfingum og verkefnavinnu sem miða að því að auka færni nemenda í íslensku sem öðru máli. Nemendur vinna verkefni jafnt og þétt yfir önnina og taka þátt í umræðum og þemategndri vinnu sem gert er ráð fyrir í skipulagi námskeiða. Nemendur fá reglulega munnlega og skriflega endurgjöf á verkefni sín og færni. Kennrarar miða endurgjöf sína við að nemendur geti nýtt sér hana til að bæta árangur sinn. Þetta þýðir að umtalsverður hluti af vinnu kennarans fer í einstaklingsmiðaða endurgjöf.

## Tækifæri til frekara náms að loknu aðfaranámi í íslensku sem öðru máli

Nemandi sem hefur staðist stöðumat og sýnt fram á færni í íslensku á stigi B.1.2 á evrópskra tungumálarárammanum getur hafið nám á íslensku við Háskólann á Bifröst ef hann uppfyllir aðgangsviðmið að öðru leyti.

Þeir sem uppfylla ekki almenn aðgangsviðmið fyrir háskólanám er bent á Háskólagátt Háskólans á Bifröst fyrir nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál.